

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/967  
komudagur 14.12.2010



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 9. desember 2010

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þskj. 354 - 301. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, 301. mál.

BSRB ítrekar þá skoðun sína að starfsmenn hafi val um hvort þeir tilheyri stéttarfélögum bæjar- eða ríkisstarfsmanna, þegar verkefni færast á milli ríkis og sveitarfélaga. Í greinargerð með frumvarpinu segir að tekin sé upp „sérregla í takt við þá stefnu sem fylgt var við síðustu verkaskipti.“ BSRB veltir því fyrir sér til hvaða verkaskipta er vísað hér. Þegar verkefni færðust frá sveitarfélögum til ríkisins árin 1989 og 1990 fengu starfsmenn að velja hvort þeir tilheyrðu stéttarfélögum bæjar- eða ríkisstarfsmanna. Það gildi bæði um þá starfsmenn sem þegar voru við störf og einnig nýja starfsmenn. Samkvæmt þessu frumvarpi verður notast við svokallað sólarlagsákvæði, þ.e. að núverandi starfsmenn hafi val um stéttarfélag en nýir fari í stéttarfélag bæjarstarfsmanna.

BSRB telur ófært að slíkt ósamræmi sé í lögnum eftir því hvort um flutninginn nú er að ræða eða fyrir um 20 árum síðan og veltir því upp hvort ekki sé um brot á jafnræðisreglu að ræða.

BSRB telur að sama frelsi eigi að ríkja varðandi lífeyrissjóði. Samkvæmt frumvarpinu munu starfsmenn sem eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fá aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Samþykki viðkomandi sveitarfélags þarf óski starfsmenn þess að halda aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Þetta telur BSRB óeðlilegt og telur að starfsmenn eigi að hafa sama val um lífeyrissjóð og um stéttarfélag.

BSRB fagnar því, sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, að ætlunin sé að koma upp föstum vinnureglum við tilfærslu verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Slíkt er nauðsynlegt svo ekki þurfi að hefja sömu vinnu við hvert einstakt tilfelli. BSRB lýsir sig reiðubúið til samstarfs um slíkar reglur.

Fyrir hönd BSRB

Handwritten signature of Helga Jónsdóttir in black ink.  
Helga Jónsdóttir  
framkvæmdastjóri